

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/15/07

frá 2. maí 2003

um tímabundin viðskipti með tiltekið fræ af tegundunum *Lupinus angustifolius* og *Linum usitatissimum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE og 2002/57/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1414)

(2003/307/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/64/EB ⁽²⁾, einkum 17. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/68/EB ⁽⁴⁾, einkum 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Breska konungsríkinu er ekki fyrir hendi nægilegt magn af fræi af yrkjum lensulúpínu (*Lupinus angustifolius*) sem henta veðurskilyrðum þar og fullnægja kröfum um spírunarhæfni samkvæmt tilskipun 66/401/EBE og þar af leiðandi er ekki hægt að fullnægja þörfum þessa aðildarríkis.
- 2) Ekki er unnt að anna eftirspurn eftir fræi þessarar tegundar með fræi frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem uppfyllir allar kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE.
- 3) Því ber að heimila Breska konungsríkinu að gera vægari kröfur að því er varðar leyfi fyrir viðskipti með fræ þessarar tegundar á tímabili sem lýkur 30. júní 2003.

4) Í Finnlandi er ekki fyrir hendi nægilegt magn af fræi af þeim yrkjum lins (*Linum usitatissimum*) sem henta veðurskilyrðum þar og fullnægja kröfum um spírunarhæfni samkvæmt tilskipun 2002/57/EBE og þar af leiðandi er ekki hægt að fullnægja þörfum þessa aðildarríkis.

5) Ekki er unnt að anna eftirspurn eftir fræi þessarar tegundar með fræi frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, sem uppfyllir allar kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/57/EB.

6) Því ber að heimila Finnlandi að gera vægari kröfur að því er varðar leyfi fyrir viðskipti með fræ af þessari tegund á tímabili sem lýkur 30. júní 2003.

7) Auk þess skal öðrum aðildarríkjum, sem eru í aðstöðu til að útvega Breska konungsríkinu og Finnlandi fræ þessara tegunda, heimilt að leyfa viðskipti með slíkt fræ.

8) Rétt er að Breska konungrikið sé samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagn af fræi lensulúpínu (*Lupinus angustifolius*), sem leyft er samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki yfir það hámarks magn sem fellur undir þessa ákvörðun.

9) Rétt er að Finnland sé samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagn af fræi af líni (*Linum usitatissimum*), sem leyft er samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki yfir það hámarks magn sem fellur undir þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 7.5.2003, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2003 frá 5. desember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 15, 25.3.2004, bls. 6

⁽¹⁾ Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32.

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðskipti með fræ lensulúpínu (*Lupinus angustifolius*) í Bandalaginu, sem uppfyllir ekki kröfur um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE, skulu leyfð á tilteknu tímabili sem lýkur 30. september 2003 í samræmi við skilyrðin sem sett eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

- spírunarhæfnin verður að vera a.m.k. 60% af spírunarhæfni hreins fræs,
- á opinbera merkimiðanum skal tilgreind sú spírunarhæfni sem hefur verið staðfest í opinberri prófun sem er framkvæmd skv. d-lið Ca-liðar 1. mgr. 2. gr. og d-lið Cb-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE,
- fræið skal hafa verið sett á markað í samræmi við 3. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Viðskipti með fræ líns (*Linum usitatissimum*) í Bandalaginu, sem uppfyllir ekki kröfur um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/57/EB, skulu leyfð á tilteknu tímabili sem lýkur 30. júní 2003 í samræmi við skilyrðin sem sett eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

- spírunarhæfnin verður að vera a.m.k. 70% af spírunarhæfni hreins fræs,
- á opinbera merkimiðanum skal tilgreind sú spírunarhæfni sem hefur verið staðfest í opinberri prófun sem er framkvæmd skv. iv-lið e-liðar 1. mgr. 2. gr. og iv-lið f-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/57/EB.
- fræið skal hafa verið sett á markað í samræmi við 3. gr. þessarar ákvörðunar.

3. gr.

Allir fræbirgjar, sem óska þess að setja á markað það fræ sem um getur í 1. og 2. gr., skulu sækja um leyfi fyrir því til þess aðildarríkis þar sem þeir hafa staðfestu.

Viðkomandi aðildarríki skal heimila birginum að setja fræið á markað, nema:

- það hafi gilda ástæðu til að ætla að birgirinn sé ekki í stakk búinn til að setja á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir, eða
- heildarmagnið, sem er leyfilegt að setja á markað samkvæmt viðkomandi undanþágu, fari yfir það hámarks magn sem er tilgreint í viðaukanum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluástoð við beitingu þessarar ákvörðunar.

Breska konungsríkið skal vera samræmingaraðildarríki að því er varðar 1. gr. og Finnland að því er varðar 2. gr. til þess að tryggja að heildarmagnið, sem leyfið tekur til, fari ekki yfir það hámarks magn sem er tilgreint er í viðaukanum.

Öll aðildarríki, sem taka við umsókn skv. 3. gr., skulu þegar í stað tilkynna samræmingaraðildarríkinu um það magn sem umsóknin tekur til. Samræmingaraðildarríkið skal þegar í stað upplýsa tilkynningarríkið um hvort veiting leyfis kann að leiða til þess að farið yrði yfir hámarks magnið.

5. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn af fræi sem þau hafa veitt markaðsleyfi fyrir samkvæmt þessari ákvörðun.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tegund	Tegund yrkis	Hámarks magn (tonn)
Að því er varðar 1. gr.		
<i>Lupinus angustifolius</i>	Prima, Sonet	59
Að því er varðar 2. gr.		
<i>Linum usitatissimum</i>	Helmi	35